



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 19. febrúar 2018

Ákvörðun nr. 7/2018

Samruni Lyfja og heilsu hf. og Barkar ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 16. janúar 2018 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um samruna vegna kaupa Lyfja og heilsu hf. (hér eftir Lyf og heilsa) á 100% hlut í Berki ehf. (hér eftir Börkur). Með tilkynningunni fylgdi lengri samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 648/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær.

Með bréfi, dags. 25. janúar 2018, tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að fyrrnefnd samrunaskrá teldist fullnægjandi samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga og að þeir frestir sem eftirlitið hefði til að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d samkeppnislaga hefðu byrjað að líða 17. janúar 2018.

Mál þetta hefur sætt rannsókn Samkeppniseftirlitsins. Liður í þeirri rannsókn hafa m.a. verið samtöl Samkeppniseftirlitsins við keppinauta á markaðnum og öflun sjónarmiða þeirra. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur þær upplýsingar sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getað í ákvörðun þessari.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar.

Fram kemur í samrunaskrá að samruninn feli í sér að Lyf og heilsa kaupi 100% alls útgefins hlutafjár í Berki. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga, enda eru veltuskilyrði ákvæðisins uppfyllt og breyting verður á yferráðum til frambúðar.

Samkvæmt upplýsingum í samrunaskrá rekur Lyf og heilsa lyfjaverslanir en fyrirtækið fer jafnframt með yferráð yfir Glerverksmiðjunni Samverk ehf. (hér eftir Glerverksmiðjan Samverk), sem framleiðir gler. Lyf og heilsa er eigandi alls hlutafjár í félaginu Vetro ehf. (hér eftir Vetro) en það félag fer með yferráð í Glerverksmiðjunni Samverk. Um þau yferráð var fjallað í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 35/2017, *Samruni Lyfja og heilsu hf. (Vetro ehf.) og Glerverksmiðjunnar Samverks ehf.* Lyf og heilsa er jafnframt eigandi 75% hlutafjár í félaginu Hljóðfærahúsið ehf. Felst starfsemi félagsins í rekstri hljóðfæraverslunar. Þá á



Lyf og heilsa 6,16% eignarhlut í félaginu Orkuhúsið sf., sem er eignarhaldsfélag um rekstur fasteignarinnar að Suðurlandsbraut 34, Reykjavík. Lyf og heilsa er í eigu félagsins Faxar ehf. sem er fasteignafélag. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*, var lagt til grundvallar að Lyf og heilsa hefði á árinu 2016 haft 25-30% markaðshlutdeild fyrir landið allt á markaði fyrir smásölu lyfja. Starfar félagið einnig á öðrum mörkuðum, s.s. fyrir smásölu á hreinlætis- og snyrtivörum, heilsuvörum og vítamínum, steinefnum og bætiefnum.

Börkur er fyrirtæki sem framleiðir glugga og hurðir. Í samrunaskrá kemur fram að Börkur fari ekki með yfirráð í neinu öðru félagi. Börkur er í eigu fjögurra einstaklinga sem hver um sig á 25% hlut í félaginu. Samkvæmt heimasíðu félagsins hefur Börkur á undanförunum árum orðið framsækið framleiðslufyrirtæki í gluggum og hurðum sem leggur metnað og atorku í vandaða vöru í íslenskar byggingar sem stenst fyllilega allan samanburð við erlendan innflutning. Helstu viðskiptavinir Barkar eru verktakafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, en u.þ.b. 80% af framleiðslunni fer á markað þangað og eru mörg þeirra í föstum viðskiptum.¹ Samkvæmt samrunaskránni starfar Börkur fyrst og fremst á markaði fyrir framleiðslu á gleri og gluggum í heiminum öllum, eða a.m.k. á hinu evrópska efnahagssvæði.

Í samrunaskrá segir að Börkur og Glerverksmiðjan Samverk hafi starfað á ólíkum mörkuðum og séu ólíkt uppbyggð fyrirtæki. Á meðan fyrrnefnda fyrirtækið hafi verið byggt upp sem fyrst og fremst gluggaframleiðandi, hafi hið síðarnefnda aðallega verið byggt upp sem glerframleiðandi. Breytingar á verklagi í húsbyggingum síðustu ár hafi hins vegar stuðlað að breytingum á eftirspurnarhlið félaganna. Byggingaraðilar hafi þannig í vaxandi mæli kosið að setja glerjaða glugga í nýbyggingar eftir að uppsteypu sé lokið. Áður fyrr hafi gluggaramminn sjálfur verið steiptur í húsið og glerjun hússins hafi farið fram mun síðar. Þetta hafi haft þau áhrif á markaðnum að byggingarfélög vilji kaupa glugga og gler í einum samningi. Þessari stórauknu eftirspurn eftir glerjuðum gluggum, samfara stórauknum byggingarframkvæmdum, hafi að miklu leyti verið mætt með innflutningi á tilbúinni vöru. Stór hluti innflutnings á glerjuðum gluggum sé frá löndum þar sem kostnaður við vinnuafli sé mun lægri en hér á landi, s.s. Eystrasaltslöndum og Austur-Evrópu. Íslenskur iðnaður, líkt og sá sem hér um ræðir, sé undir mikilli pressu frá þessari samkeppni.

Framangreindar breytingar á markaðsaðstæðum hafa að mati samrunaaðila leitt til minni markaðshlutdeildar Glerverksmiðjunnar Samverks á nýbyggingarmarkaði. Með kaupunum nú sjá kaupendur fyrir sér að ná fram samlegðaráhrifum í því formi að geta mætt eftirspurn á markaðnum með sameiginlegum lausnum inn á markað fyrir glerjaða glugga og hurðir til byggingarfyrirtækja. Þannig sé von kaupenda að samkeppnisstaða þessara tveggja rótgrónu íslensku iðnfyrirtækja verði betur tryggð gagnvart sívaxandi erlendri samkeppni. Aðilar telja ávinning samrunans vera nokkurn, jafnt fyrir samkeppni á markaði sem neytendur. Samruninn auki þannig líkurnar á að iðnaður sem þessi haldist í landinu, og veiti þannig innfluttu gleri og gluggum mikilvægt samkeppnislegt aðhald, ekki síst í gæðum.

¹ Sjá http://www.borkur.is/is/page/saga_fyrirtaekisins. Sótt 8. febrúar 2018.



III. Niðurstaða

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c samkeppnislaga verður að byrja á því að skilgreina þann markað sem við á. Samkvæmt 4. gr. laganna er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Staðganga er þegar vara eða þjónusta getur að fullu eða verulegu leyti komið í stað annarrar vöru eða þjónustu. Með hliðsjón af hagfræðilegum rökum þarf að líta á viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarmiðum; annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki orðið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*.

Að mati samrunaaðila starfa þeir á sama markaði. Líkt og fram hefur komið er Lyf og heilsa eigandi alls hlutafjár í félaginu Vetro sem fer með yfirráð í Glerverksmiðjunni Samverk sem framleiðir og selur hvers konar gler hér á landi, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 35/2017, *Samruni Lyf og heilsu hf. (Vetro ehf.) og Glerverksmiðjunnar Samverks ehf.* Sá gríðarlegi innflutningur hér á landi og hörð samkeppni innlendra framleiðenda við erlenda, styður ennfremur þessar niðurstöður að mati samrunaaðila. Þannig áætla samrunaaðilar að a.m.k. helmingur markaðarins hér á landi sé vegna innflutnings, bæði á gleri og gluggum. Eru enda engar sérstakar hindranir á slíkum innflutningi hér á landi.

Þá er að mati samrunaaðila erfitt að aðgreina vörumarkaðinn eftir annars vegar gluggum og hins vegar gleri, þó Glerverksmiðjan Samverk framleiði ekki glugga, og Börkur framleiði ekki gler. Stafar þetta af því að fjölmargir aðrir aðilar á markaðnum, ýmist framleiða eða flytja inn bæði glugga og gler. Er því til staðar mikil og stöðug framboðsstaðganga milli þessara tveggja vara. Hið sama gildir síðan um eftirspurnarstaðgöngu. Sú þróun hefur því orðið á markaðnum að skil milli markaða fyrir annars vegar gler og hins vegar glugga eru orðin svo óljós að samrunaaðilar telja ekki tilefni til að aðgreina þá markaði sérstaklega.

Að því er varðar landfræðilegan markað málsins þá telja samrunaaðilar, með vísan til framangreinds, að líta beri til þess að hann sé heimurinn allur, eða a.m.k. hið evrópska efnahagssvæði. Benda samrunaaðilar því til stuðnings á að Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi a.m.k. í tvígang talið markaðinn fyrir framleiðslu á gleri ná til alls evrópska efnahagssvæðisins.² Sá gríðarlegi innflutningur hér á landi og hörð samkeppni innlendra framleiðenda við erlenda, styðji jafnframt þessa niðurstöðu.

Samrunaaðilar telja sig ekki vera í aðstöðu til að áætla heildarstærð þess markaðar sem áhrifa gætir, þar sem hann nái til heimsins alls, eða a.m.k. hins evrópska efnahagssvæðis. Að mati samrunaaðila er markaðshlutdeild þeirra á þeim markaði hins vegar hverfandi. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2017, *Samruni Johan Rönnung hf. og Efnissölu G.E. Jóhannssonar ehf.*, voru samrunaaðilar taldir starfa á undirmörkuðum alhliða byggingarmarkaðarins, annars vegar á undirmarkaðnum fyrir innflutning og dreifingu á rafvörum og hins vegar á undirmarkaðnum fyrir innflutning og dreifingu á pípulögnum. Í

² Sjá ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar nr. COMP/M.6557 frá 2012, og COMP/M.4173 frá 2006.



Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 16/2017, *Samruni Johan Rönnung hf. og Vatns og veitna ehf.*, voru samrunaaðilar einnig taldir starfa á undirmörkuðum alhliða byggingarmarkaðarins og að samlegðaráhrif samrunans myndu fyrst og fremst gæta á markaði fyrir innflutning og dreifingu á pípulagnavörum.

Í nýlegri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2018 *Samruni Reirs ehf. og Gluggasmiðjunnar ehf.* var fjallað um sama markað og samrunaaðilar þessa máls starfa á. Var þar komist að þeirri niðurstöðu að samrunaaðilar störfuðu einnig á undirmörkuðum alhliða byggingarmarkaðarins. Var það jafnframt mat Samkeppniseftirlitsins að áhrif vegna samrunans myndu einna helst gæta á undirmarkaðnum fyrir framleiðslu og sölu á gluggum og útihurðum.

Það er mat eftirlitsins að sömu sjónarmið eigi við um skilgreiningu markaðar þessa máls og að samrunaaðilar starfi á undirmörkuðum alhliða byggingarmarkaðarins, nánari tiltekið á markaði fyrir framleiðslu og sölu á gleri og gluggum. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins að samrunaaðilar starfi á sama markaði. Hins vegar er ljóst, líkt og samrunaaðilar hafa bent á, að á markaðnum starfa sterkir keppinautar sem aðallega stunda umfangsmikinn innflutning á gluggum og hurðum og selja. Auk þess er einnig algengt í stærri verkefnum að verktakar flytji sjálfir inn glugga án aðkomu innlendra aðila á markaðnum. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreiningar samrunaaðila.

2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Að mati samrunaaðila er ljóst að fyrirhugaður samruni muni ekki að nokkru leyti raska samkeppni, hann muni ekki leiða til þess að markaðsráðandi staða stofnist né að slík staða styrkist. Samrunaaðilar telja áhrif samrunans á samkeppni á markaði vera afar takmörkuð og ekkert bendi til þess að samruninn muni hafa samkeppnishamlandi áhrif. Þvert á móti sé samruninn einkum til þess fallinn að auka líkurnar á því að sá íslenski iðnaður sem samrunaaðilar starfi við haldist í landinu, og veiti þannig innflutningi samkeppni. Sé því samruninn til þess fallinn að hafa jákvæð áhrif á samkeppni að mati samrunaaðila.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er ljóst að samrunaaðilar starfa báðir á markaði fyrir framleiðslu og sölu á gleri og gluggum. Þrátt fyrir það er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að staða þeirra á markaðnum er ekki það sterk að hætta sé á því að samruninn geti talist samkeppnishamlandi í skilningi samkeppnislaga. Þá er ennfremur ljóst að önnur fyrirtæki sem starfa á skilgreindum markaði málsins eru öflug og mun stærri en samrunaaðilar, sérstaklega þegar kemur að innflutningi.

Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samrunaaðilar hafi, eða muni öðlast, markaðsráðandi stöðu á skilgreindum



markaði málsins. Þá mun samruninn að mati Samkeppniseftirlitsins ekki leiða til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans.

IV.

Ákvörðunarorð

„Kaup Lyfja og heilsu hf. á Berki ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson